

Fréttabréf um plöntu- verndarvörur

Breytingar á gjaldskrá Umhverfisstofnunar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur samþykkt breytingu á gjaldskrá Umhverfisstofnunar og var hún auglýst í Stjórnartíðindum þann 10. október sl. Með breytingunni eru gjöld vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum lækkuð umtalsvert og má sem dæmi nefna að:

- Gjald fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og er **ætluoð til notkunar í atvinnuskyni verður 79.200 kr.**
- Gjald fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og er **ætluoð til almennrar notkunar verður 330.000 kr.**

Aðrar breytingar sem gerðar voru á gjaldskrá stofnunarinnar, er varða plöntuverndarvörur, má finna í uppfærðri gjaldskrá Umhverfisstofnunar undir 7. gr.: <https://ust.is/umhverfisstofnun/thjonusta/gjaldskra/>

Með umræddum gjaldskrárbreytingum er verið að bregðast við aðsteðjandi skorti á nauðsynlegum plöntuverndarvörum í landbúnaði og garðyrkju og vonast er til að hún liði til fyrir umsóknum um markaðsleyfi.

Stofnunin vekur athygli á því að ef sótt er um gagnkvæma viðurkenningu fyrir plöntuverndarvöru á grundvelli markaðsleyfis í öðru EES ríki, mun markaðssetning vörunnar verða heimil hér á landi á meðan að vinnsla umsóknar stendur yfir, jafnvel þótt að tímabundin skráning fyrir henni hafi fallið úr gildi.

Bann við notkun á nokkrum virkum efnum

Lokið er við að áhættumeta nokkur virk efni á vettvangi ESB og hefur framkvæmdastjórn ESB tekið ákvörðun á grundvelli þess að endurnýja ekki samþykki fyrir nokkrum virkum efnum sem hefur áhrif á nokkrar vörur sem hafa verið á markaði héraðs og þær eru eftirfarandi:

- **Afalon;** eftir **3. júní 2018** varð óheimilt að selja, dreifa og nota Afalon.
- **Rovral Aquaflo;** eftir **5. júní 2018** varð óheimilt að selja, dreifa og nota Rovral Aquaflo.
- **Reglone;** komin er út reglugerð í ESB um bann við notkun á virka efninu díkvati í plöntuverndarvörum. Reglugerðin hefur ekki tekið gildi á Íslandi enn sem komið er, en gera má ráð fyrir að sala, dreifing og notkun á Reglone verði óheimil eftir **4. febrúar 2020.**

- **Tilt 250 EC;** komin eru drög að reglugerð í ESB um bann við notkun á virka efninu própíkonasóli í plöntuverndarvörum. Því má gera ráð fyrir að sala, dreifing og notkun á Tilt 250 EC verði mögulega óheimil á árinu 2020.

Glýfosat – Staðan í dag

Virka efnið glýfosat sem finna má í illgresiseyðum hefur fengið umtalsverða umfjöllun undanfarin misseri. Hér gilda sömu reglur og í öðrum ríkjum EES, þ.e. glýfosat er heimilt til notkunar í plöntuverndarvörum til loka árs 2022, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Í dag eru sex tegundir illgresiseyða með leyfi til að vera á markaði á Íslandi þar til 31.12.2018. Til að halda þeim vörum löglega á markaði eftir þann tíma eða bæta við nýjum vörum á markað þarf að sækja um nýtt markaðsleyfi, þ.e. gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi sem gefið hefur verið út í öðru ríki innan EES.

Á árinu 2017 féllu úr gildi leyfi fyrir nokkrum tegundum illgresiseyða sem innihéldu glýfosat. Ástæðan var sú að vörunar innihéldu ákveðið meðefni (POE tólgramín) sem hefur nú verið bannað til notkunar í plöntuverndarvörum því það hefur krabbameinsvaldandi áhrif.

Mörg Evrópuríki hafa lýst því yfir eða tekið skref í átt að því að takmarka notkun á plöntuverndarvörum með því að setja fram aðgerðaráætlanir um að draga úr notkun þeirra og beinast þær oftast en ekki að að notkun illgresiseyða sem innihalda glýfosat.

Verkefni úr Aðgerðaráætlun um notkun varnarefna

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf árið 2016 út Aðgerðaráætlun um meðferð varnarefna 2016-2031 og eru þar sett fram markmið um að draga úr notkun plöntuverndarvara hér á landi. Umhverfisstofnun mun vinna að framgangi Aðgerðaráætlunarinnar og eru sérstaklega tvö verkefni á áætlun 2019:

- að útbúa áætlun um að draga úr notkun plöntuverndarvara í þéttbýli, meðfram vegum og í öðru manngerðu umhverfi, sem og í aðgerðum gegn ágengum tegundum í samráði við Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila.
- að koma inn í Starfsreglur um góða búskaparhætti leiðbeiningum um það hvernig draga megi úr losun á plöntuverndarvörum út í vatnavistkerfið með því að viðhafa verndarbelti þegar þeim er dreift nálægt yfirborðsvatni.

Breytingar á tímabundnum skráningum

Eftirfarandi breytingar (sjá töflu) hafa átt sér stað varðandi gildistíma nokkurra tímabundinna skráninga fyrir plöntuverndarvörum og hafa þær verið tilkynntar handhöfum þeirra með bréfi. Þá hefur skilyrðum fyrir notkun

plöntuverndarvörunnar Pirimor G verið breytt, samfara tilfærslu á handhafa leyfis, þess efnis að framvegis er óheimilt að nota vöruna við ræktun plantna sem ekki eru til neyslu, s.s. garð-, skógar- og skrautplantna.

| Tímabundin skráning | Fellur úr gildi | Heimild til sölu og dreifingar á fyrirbyggjandi vörubirgðum | Heimild til notkunar, dreifingar og förgunar á vörunni |
|---|-----------------|---|--|
| Basta T-2014-013 | 31.7.2019 | 31.1.2020 | 31.1.2021 |
| Dithane DG T-2013-055 | 31.1.2020 | 31.7.2020 | 31.7.2021 |
| Duplosan Super T-2014-002 | 31.1.2019 | 31.7.2019 | 31.7.2020 |
| Murphy illgresiseyðir T-2013-065 | 31.7.2019 | 31.1.2020 | 31.1.2021 |
| Murphy illgresiseyðir T-2013-066 | 31.7.2019 | 31.1.2020 | 31.1.2021 |
| Tilt 250 EC T-2014-037 | 31.1.2020* | 31.7.2020 | 31.7.2021 |
| | | | |

*Sjá athugasemd um Tilt 250 EC hér að ofan

Upplýsingar sem fram koma í þessu fréttabréfi eru settar fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á núverandi stöðu. Vinsamlega hafið samband við Umhverfisstofnun ef frekari upplýsinga er óskað.